

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 452/2000, um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

14. gr. orðast svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveim árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varða refsingu sem fullframið brot, sbr. 3. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptæk til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framan-greindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur gerst við brot á reglugerð þessari. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með breytingu nr. 100/2000, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 244

14. mars 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nesjavellir - deiliskipulag orkuvinnslusvæðis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag orkuvinnslusvæðis á Nesjavöllum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ártangi, Klausturhólar og Ormsstaðir - deiliskipulag lögbýlanna.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag lögbýlanna Ártanga, Klausturhóla og Ormsstaða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Miðengi - deiliskipulag frístundabyggðar við Miðengisveg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Miðengisveg í landi Miðengis.